

Alþingi  
Erindi nr. P 136/10S3  
komudagur 6.3.2009

**Arnþór Helgason**  
Tjarnarbóli 14  
170 Seltjarnarnesi.  
Símar: 5611703, 8973766  
Netfang: [arnthor.helgason@simnet.is](mailto:arnthor.helgason@simnet.is)

Seltjarnarnesi, 5. mars 2009.

Nefndasvið Alþingis, Allsherjarnefnd,  
Alþingi við Austurvöll,  
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um  
kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.

Ég undirritaður hef farið ítarlega yfir frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til alþingis, samanber þskj. 622 — 368. mál. Að óbreyttu er hætt við að frumvarpið skerði réttindi þeirra kjósenda sem eru blindir eða sjónskertir.

Til þess að tryggja réttindi þessa hóps og aðgengi að þeim upplýsingum sem birtar eru á kjörseðli, er nauðsynlegt að huga að ákveðnum, tæknilegum atriðum. Lagt er til að málinu verði frestað og leitað leiða í samráði við samtök fatlaðra til þess að tryggja áður greindan rétt.

Að öðrum kosti er lagt til að á eftir orðinu "listabókstöfum" í 47. gr. 1. mgr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 með síðari breytingum bætist við orðin "og tölustöfum". Þar með er gert ráð fyrir að blint fólk geti nýtt sér stimpla til þess að skrá röð frambjóðenda á þann lista sem atkvæðið hlýtur og sama hátt og bókstaf listans.

Jafnframt telur undirritaður nauðsynlegt að breyta 81. gr. laganna til samræmis við auknar heimildir sem felast í frumvarpinu, samanber 7. gr. frumvarpsins sem fjallar um breytingar á 82. gr. laganna.

Þá þarf einnig að breyta skilgreiningum á spjaldi með blindraetri sem tilskilið er samkvæmt lokamálsgrein 81. gr, samanber tillögu við 47. gr. og ákvæði 82. gr. laganna.

Að lokum skal bent á að blindu, lesblindu eða sjónskertu fólki er í raun gert ókleift að nýta sér rétt sinn til þess að endurraða frambjóðendum á óröðuðum listum miðað við núgildandi lög og samkvæmt ákvæðum frumvarpsins verður þar engin breyting á. Kjörseðlar með nöfnum frambjóðenda eru hvorki með blindraetri eða með öðrum hætti þannig útbúnir að þessir hópar geti kynnt sér

þessar upplýsingar. Það má því vera enn ljósara en áður að fyrirhugaðar breytingar, sem lagðar eru til samkvæmt frumvarpinu, svara einungis að takmörkuðu leyti þeirri kröfu að tryggt verði aðgengi allra hópa að upplýsingasamfélaginu.

Íslendingum gefst nú einstakt tækifæri til að verða í fararbroddi um framfarir í þessum málum og sjá til þess að ákvæði sáttmála SP um réttindi blindra og sjónskertra verði um leið virt.

Virðingarfyllst,

*Arnbór Helgason*

Arnbór Helgason  
fv. formaður og  
framkvæmdastjóri  
Öryrkjabandalags Íslands  
og varaformaður  
Blindrafélagsins

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 136/1382*  
*komudagur 20.3.2009*

## **Gallað frumvarp um persónukjör**

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um persónukjör í þingkosningum er gert ráð fyrir að bjóða megi fram raðaða eða óraðaða lista.

Reglur eru settar fram um hverjir hljóti sæti á öröðuðum listum, og hverjir nái kosningu sem aðalmenn og varamenn af röðuðum listum í kjördæminu. Báðar þessar reglur eru svo gallaðar að þær geta valdið óviðunandi niðurstöðum. Þær eru reyndar málmiðlun, því að þeir sem sömdu frumvarpið gátu ekki komið sér saman um sömu aðferðina við reikna út úr röðuðum og óröðuðum lista.

Sem dæmi um útreikning röðunar á óraðaðan lista má nefna það sérstaka tilfelli að kjósendur listans skiptist í tvo hópa sem hvor um sig hefur gert með sér samkomulag um fyrirfram ákveðna röð eins margra frambjóðenda og kjósa á sem aðalmenn og varamenn. Margir þekkja að klofningur, jafnvel um eitt þýðingarmikið mál, getur einmitt orðið hvati til slíkra aðgerða, svo sem vegna búsetu í byggðakjörnum, afstöðu til Evrópusambands, til grasrótar og flokksforystu, eða karla og kvenna og svo framvegis. Sá hópur sem fengi fleiri atkvæði hlyti eftir reglu frumvarpsins alla frambjóðendur sína kjörna, en hinn hópurinn fengi engan, hvað miklu eða litlu sem munaði, jafnvel einu atkvæði. Hér er um að ræða mjög hægna talningarreglu sem hefur verið notuð í prófkjörum á Íslandi í áratugi. Þó að atkvæði skiptust ekki svona hreinlega er augljóst að af þessari ástæðu gætu úrslit orðið mjög bjöguð í mörgum tilfellum ef flokkadrættir hjá kjósendum listans eru verulegir. Regla sem getur leitt af sér svo fráleita útkomu verður að teljast ónothæf.

Regla frumvarpsins um útreikning á því hverjir hafi náð kjöri af röðuðum lista sem kjósendur hafa gert breytingar á getur líka leitt af sér óeðlilega niðurstöðu. Hvert atkvæði sem frambjóðanda er greitt í fyrsta sæti fær samkvæmt frumvarpinu tiltekið vægi, sem lækkar um einn fyrir hvert sæti sem kemur þar á eftir. Það flækir málið gríðarlega að vægi atkvæðis í fyrsta sæti og þar með öll önnur sæti er sibreytilegt eftir því hvað mörgum þingmönnum á að raða. Sem dæmi má nefna það einfaldaða dæmi að tveir hópar á bak við listann hafi komið fram. Annar hópurinn skilar óbreyttum röðuðum lista. Hinn hópurinn breytir listanum og skiptir um frambjóðendur í fjórum efstu sætum. Setjum svo að listinn fái einmitt fjóra menn kjörna, A-hópur hljóti 934 atkvæði, en B-hópur 800 atkvæði. Samkvæmt hinni flóknu reglu frumvarpsins fær A-hópur þá 3 fulltrúa kosna, en B-hópur einn. Þessi niðurstaða stenst ekki þá reglu hlutfallskosninga sem viðurkennd hefur verið hér á landi, meðal annars í nefndakosningum á Alþingi, að fulltrúatala hvers lista skuli komast sem næst því að vera í hlutfalli við atkvæðamagn hans. Á bak við hvern af þremur fulltrúum A-hópsins stæðu nefnilega aðeins rúm 311 atkvæði, en á bak við hvorn af tveimur fulltrúum B-hóps stæðu 400 atkvæði. Svo mikið vantar á sanngjarna niðurstöðu ef farið er eftir frumvarpinu, að til þess að A-hópur ætti rétt á þremur fulltrúum í hlutfallskosningu hefði hann þurft að fá fleiri en 1200 atkvæði á móti 800 atkvæðum B-hópsins. Þessi síðari regla frumvarpsins um talningu á röðuðum listum hlýtur því líka að teljast óhæf.

Páll Bergþórsson: Umsögn til allsherjarnefndar um frumvarp um persónukjör.

Einföld, sanngjörn og alkunn regla í staðinn fyrir þessar tvær sem settar eru fram í frumvarpinu væri regla hlutfallskosninga, kennd við d'Hondt. Atkvæði sem frambjóðanda er greitt í fyrsta sæti fær þá vægið 1, atkvæði í annað sætið  $\frac{1}{2}$ , í þriðja sætið  $\frac{1}{3}$  og þannig áfram. Ef þessi regla væri notuð í dæminu þar sem A-hópur fékk 934 atkvæði og B-hópur 800 atkvæði fengi A-hópur fyrsta þingmanninn, B-hópur annan, A-hópur þriðja og B-hópur fjórða, en A-hópur þann fimmta ef um það væri að ræða. Þá yrði þingmannafjöldi hópanna sem að listanum standa eins nærri hlutfalli atkvæðanna og hægt er að komast. Og þessa reglu er sem sagt hægt að nota jafnt um lista sem hafa verið lagðir fram raðaðir sem óraðaðir.

Reykjavík, 19. mars 2009

Páll Bergþórsson